GRÝTUBAKKAHREPPUR
Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400
www.grenivik.is

Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið
Jón Þrándur Stefánsson
Skúlagötu 4
101 Reykjavík.

Grenivík 22. september 2020.

Tilv.: ANR20090157

Varðar mögulegan byggðakvóta.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tók erindið fyrir á fundi sínum í gær og bókaði eftirfarandi undir dagskrárlið nr. 8:

**„8. Erindi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, úthlutun Byggðakvóta 2020/2021.**

Með bréfi Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis dags. 11. sept. 2020, er boðuð úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2020/2021. Jafnframt er óskað eftir sérreglum sveitarstjórna, þó ekki liggi fyrir hvort byggðakvóti fáist. Því bókar sveitarstjórn Grýtubakkahrepps eftirfarandi er varðar mögulegan byggðakvóta í sveitarfélagið;

*Þar sem afla Grenivíkurbáta er almennt landað annarsstaðar og ekið til vinnslu á Grenivík, samþykkir sveitarstjórn að eftirfarandi sérreglur gildi um úthlutun byggðakvóta hreppsins:*
*1/3 hluta kvótans skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.*
*2/3 hlutum kvótans, skal skipta í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa fiskveiðiárið 2020/2021.*
*Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 728/2020.*“

Þessu er hér með komið á framfæri. Vinsamlegast hafið samband ef frekari upplýsinga er óskað.

Með bestu kveðjum,

Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri